

## L Ö G

## um breytingu á mörkum lögsagnarumdæma Reykjavíkur og Seltjarnarneskaupstaðar.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Vesturmörk lögsagnarumdæmis Reykjavíkur á Seltjarnarnesi skulu ákveðast af eftirtöldum hnitum í hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951:

1. Bein lína úr punkti 77 í stórstraumsfjöruborði við Eiði í punkt 70.
2. Þaðan bein lína í punkt 73.
3. Þaðan bein lína í punkt 75.
4. Þaðan bein lína í punkt 93.
5. Þaðan bein lína í punkt 78 í stórstraumsfjöruborði við Faxaskjól.

## 2. gr.

Eyjarnar Viðey, Engey og Akurey skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

## 3. gr.

Frá gildistöku laga þessara tekur Seltjarnarneskaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða kunna þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Reykjavík, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, sem til Seltjarnarneskaupstaðar fellur með lögum þessum.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

## um breyting á skipulagslögum, nr. 19 frá 21. maí 1964.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Öll sveitarfélög eru skipulagsskyld. Allar byggingar ofanjarðar og neðan og önnur mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfisins, aðrar en byggingar á lögbýlum,

skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt, sem samþykktur hefur verið af hlutaðeigandi sveitarstjórn og skipulagsstjórn ríkisins.

Gera skal skipulagsuppdraetti af öllum þéttbýlisstöðum, þar sem búa 50 manns eða fleiri eða þar sem ætla má að mati skipulagsstjórnar, að þéttbýli risi.

Þegar sótt er um leyfi til byggingar á lögbylum, skal fylgja leyfisumsókn til byggingarnefndar auk byggingaruppdráttar afstöðuuppdráttur, þar sem sýndar eru byggingar, sem fyrir eru, og bygging sú, sem sótt er um leyfi til að byggja. Á afstöðuuppdraetti skal enn fremur sýna veg að býlinu og tengingu hans við þjóðveg. Þá skulu enn fremur sýndar vatnslagnir og holræsalagnir að og frá býli.

Ráðherra getur að fengnum tillögum skipulagsstjórnar látið gera drög að héraða- og landshlutaskipulagi.

## 2. gr.

5. gr. 2. mgr. laganna orðist svo:

Nú er skipulagsuppdráttur ekki fyrir hendi af sveitarfélagi eða af hluta þess, sbr. 4. gr., eða af skipulagsskyldum stað og getur þá sveitarstjórn (byggingarnefnd), að fengnum meðmælum skipulagsstjórnar, leyft einstakar byggingarframkvæmdir, sem um kann að verða sótt. Leyfi fyrir slíkum byggingum getur sveitarstjórn bundið tilteknum skilyrðum, sbr. 2. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 4. gr.

## 3. gr.

Til viðbótar 13. gr. laganna komi:

Þá skal kveða á um, að hið skipulagða svæði geri fötluðu og öldruðu fólki auðvelt að komast leiðar sinnar og að tekið skuli að öðru leyti tillit til sérþarfa þess, svo sem varðandi götur, gangstéttir, bifreiðastæði og staðsetningu íbúðarhúsa, sem sérstaklega eru ætluð þessu fólki.

## 4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

*Gjört í Reykjavík 12. maí 1978.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Gunnar Thoroddsen.*

## L Ö G

### um hlutafélög.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

Lög þessi gilda um öll hlutafélög, nema annað sé ákveðið í lögum.

Hlutafélag merkir í lögum þessum félag, þar sem enginn félagsmanna ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins.